

Landsvirkjun
Árni Gunnarsson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

2002010075
6607; 9310

Reykjavík, 5. apríl 2002
/--

Efni: Rannsóknaboranir á vestursvæði við Kröflu í Skútustaðahreppi. Tillaga að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um rannsóknaboranir við Kröflu, Skútustaðahreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 7. mars 2002 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Landsvirkjun, V GK, Rannsóknaboranir á vestursvæði við Kröflu í Skútustaðahreppi. Mat á umhverfisáhrifum, tillaga að matsáætlun. Mars 2002.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skútustaðahreppi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og Náttúruvernd ríkisins.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Skútustaðahrepp með bréfi dags. 18. mars 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. mars 2002, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi

dags. 22. mars 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 25. mars 2002, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 22. mars 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. mars 2002.

Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 3. apríl 2002.

NIDURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 3. apríl 2002 og með eftirfarandi athugasemdum.

Affallsvatn og grunnvatn

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.2.5, er fjallað um grunnvatn og förgun affallsvatns. Fram kemur að keyrt verði grunnvatns- og dreifingarlíkan af Mývatnssvæði. Líkanið verði notað til að kanna afdrif affallsvatns miðað við rennislísiðir og áætlað streymi grunnvatns á vestursvæðinu og til að áætla þynningu mengandi efna í grunnvatni og líkur á því að þau berist í Mývatn. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að metin verði áhrif þeirra kosta sem til greina koma til förgunar affallsvatns. Auk þess að áætla þynningu mengandi efna í grunnvatni og líkur á því að þau berist í Mývatn verði metin áhrif þessa á umhverfið m.a. í samræmi við umhverfismörk og flokkun efna sem koma fram í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Þá verði að koma skýrt fram í matsskýrslu hvaða kostur við förgun affallsvatns er talinn ásættanlegastur m.t.t. áhrifa á umhverfið.

Tengdar framkvæmdir

Í tillögu að matsáætlun, kafla 3.9, er fjallað um hugsanlega framtíðarnýtingu jarðhita á vestursvæði. Fram kemur að ekki hafi verið ákveðið hvar mannvirki tengd aukinni jarðhitavinnslu verða staðsett ef af henni verður í framtíðinni. Til greina komi að öll mannvirki sem tengjast nýrri virkjun verði í Hlíðardal og eins sé möguleiki að þau verði á vestursvæði. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að greina nánar frá því hvernig mannvirkjum tengdum hugsanlegri jarðhitavinnslu úr borholum á vestursvæði verði háttað, einkum hvað varðar kosti á staðsetningu þeirra.

Vegslóðar

Í tillögu að matsáætlun, köflum 3.1 og 4, er fjallað um aðkomuleiðir að fyrirhuguðum rannsóknaborholum á vestursvæði. Fram kemur að gerð verði grein fyrir mati á umhverfisáhrifum einnar aðkomuleiðar þar sem aðrir

möguleikar á leiðarvali séu ekki taldir koma til greina. Í ljósi þess að á fyrri stigum voru taldar til 3 aðkomuleiðir að borsvæðum á vestursvæði telur Skipulagsstofnun að framkvæmdaraðila beri að greina frá mögulegum kostum á legu aðkomuleiða og umhverfisáhrifum þeirra í matsskýrslu eða að öðrum kosti skýra frá því hvað liggi að baki þeirri staðhæfingu að aðrir möguleikar en kostur framkvæmdaraðila komi ekki til greina.

Efnistaka

Í tillögu að matsáætlun, köflum 3.1 og 4.1.3, er fjallað um efnistöku vegna framkvæmda. Fram kemur að áætluð efnisþörf sé 25.000 m³-30.000 m³ og verði efni tekið úr opnum efnisnámmum í Mývatnssveit, t.d. námu við Grænagilsöxl við Kröflustöð. Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu þurfi að greina nánar frá efnistöku, þ.e. staðsetningu náma sem til greina koma og umhverfisáhrifum.

Stefán Thors

Óli Halldórsson

Afrit :

Skútustaðahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Náttúruvernd ríkisins.